

Íslenska sem annað tungumál

Kennarar: sérkennarar

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 - íslenska sem annað tungumál

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024> Nánar um hæfniviðmið og námsmarkmið koma fram í einstaklingsnámskrá hvers og eins og í verkefnabók í Mentor.

Helstu viðfangsefni/námsþættir -

- Hlustunarskilningur
- Lesskilningur
- Talað mál, samskipti og frásögn
- Ritunartjáning
- Námsorðaforði

Markmiðið er að nemendur geti skilið daglegar samræður, umræður og fræðslu um almenn efni og lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi. Byggt er á samtölum þar sem nemendur fá þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri. Þjálfaður er námsorðaforði í munnlegum og skriflegum verkefnum sem þjálfar samhliða íslenska málfræði. Náíð samstarf er við bekkjarkennara um námsorðaforða og markmið hvers og eins.

Námsgögn - grunnur:

- Ýmis þjálfunarspil, Orðasjóður, Orð eru ævintýri.
- Málfræði- og vinnubækur
- Öpp og gagnvirkar rafbækur
- Lestrarbækur og gagnvirkt efni á vef MMS.is

Flestar bækur eru á vef námsgagnastofnunar sem rafbækur og gagnvirkar bækur. Spil og ýmis verkefni eru í samstarfi kennara um landið í lokuðum hópum. Mest er unnið í bækur en spjaldtölvur nýttar með ákveðnum öppum og tölvur þegar það á við og tengist verkefnum bekkjarins.

Kennsluhættir - Samræður, bein kennsla, stöðvavinna og spil. Nemendur vinna hver á sínum forsendum, í einstaklingsvinnu eða þörum.

Kennslufyrirkomulag - Áhersla er á einstaklingsmiðað nám í allri kennslu. Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT) er eins og önnur sérkennsla kennd í nokkurra vikna lotum misoft í viku eftir þörfum hvers og eins. Áhersla er á snemmtækan stuðning, gagnkvæma virðingu og traust milli heimila og skóla.

Námsmat - Leiðsagnarmat: Verkefni, kannanir, stöðumat, sjálfsmat.